



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 131/274
komudagur 30.11.2004

Reykjavík 29. nóvember 2004
Tilv. FLE 13-2004

**Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
c/o Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**


Málefni: Frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti, 34. mál, hagsmunir smárra fjárfesta.


Með bréfi dags. 11. nóvember sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umfjöllunar og taldi hún að ekki væri tilefni til sérstakrar umsagnar um það af hálfu Félags löggiltra endurskoðenda.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllt,
Félag löggiltra endurskoðenda


Sigurður B. Arnþórfsson
formaður



KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Alþingi
Erindi nr. P 131/238
komudagur 29.11.2004

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 26.11.2004
Tilvísun 111
ÁSK

Efni: Umsögn um 34. mál (hagsmunir smárra fjárfesta)

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar frá 11. nóvember 2004 þar sem óskað er umsagnar Kauphallar Íslands um frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti.

Kauphöll Íslands telur rétt að hafa í huga að í dag er nefnd starfandi um yfirtökutilboð en gert er ráð fyrir að hún muni leggja fram frumvarp á næsta vorþingi. Frumvarpið miðar m.a. að því að innleiða í íslenska löggjöf tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/25/EB um yfirtökutilboð, en hún var formlega samþykkt 21. apríl 2004. Þó taka megi undir sjónarmið háttvirtra þingmanna að mörgu leyti telur Kauphöllin heppilegast að bíða eftir framlagningu frumvarpsins enda má gera ráð fyrir að kynntar verði breytingar á núgildandi lögum sem ná yfir þá verndarhagsmuni sem þingmennirnir eru að reyna að vernda.

Virðingarfyllst,


Arnína Steinunn Kristjánsdóttir,
lögfræðingur.

Alþingi
Erindi nr. P 131/494
komudagur. 6.12.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2004.

Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti. 131. löggjafarþing 2004-2005. Þskj. 34 – 34. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp til skoðunar og lætur í té eftirfarandi umsögn.

Í athugasemdum greinargerðar sem fylgir frumvarpinu segir að það sé lagt fram með það að markmiði að bæta löggjöfina sem mótar íslenskt viðskiptalíf með tilliti til hagsmuna smærri fjárfesta. Með það fyrir augum eru settar fram tillögur um (a) að skylt verði að taka tillit til nánar afmarkaðra tengsla, m.a. fjölskyldutengsla, við ákvörðun á því hvort myndast hefur skylda til að gera yfirtökutilboð samkvæmt VI. kafla laganna, og (b) að verð yfirtökutilboðs skuli ákvarðað af dómkvöddum matsmönnum í þeim tilvikum sem takmörkuð viðskipti hafa verið með hlutabréf í því félagi sem tilboðið lýtur að.

Laganefndin telur afar ólíklegt að frumvarpið sé til þess fallið að ná því markmiði sem að er stefnt, þ.e. að vernda hagsmuni smærri fjárfesta. Má í því sambandi fyrst benda á að það aðhald sem felst í hugsanlegum yfirtökum félaga, þ.e. færslu yfirráða í félagi milli hluthafa, eru almennt til þess fallnar að bæta hag fjárfesta, hvort heldur sem er stórra eða smárra. Að mati laganefndarinnar er mikilvægt að þetta sjónarmið sé haft ríkulega í huga þegar sett er löggjöf á þessu sviði. Hætt er við að óvissa sem óhjákvæmilega fylgdi því að dómkvaddir matsmenn ákvörðuðu verð í yfirtökutilboðum gerði það að verkum að yfirtökum fækkaði frá því sem nú er. Að mati laganefndarinnar yrði það til tjóns fyrir alla hluthafa, stærri jafnt sem smærri, svo og íslenskan fjármálamarkað. Í annan stað getur laganefndin ekki tekið undir að löggjafinn marki þá stefnu að þau eignatengsl sem frumvarpið tekur til eða fjölskyldubönd ráði úrslitum um það hvort til yfirtökutilboðsskyldu stofnist eða ekki. Það er hvorki sjálfsgefið að slík eignatengsl eða skyldleikar geri það að verkum að stjórnunarþræðir í félögum færast á sömu hendi, né heldur er það sjálfsgefið einstaklingur eða lögpersóna hafi nokkuð um ráðstafanir „skyldra aðila“ að segja.

Í ljósi framangreinds leggst laganefndin gegn því að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllst,

f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður

Alþingi
Erindi nr. P 131/275
komudagur 30.11.2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 29. nóvember 2004

Efni: Frumvarp um breytingu á lögum nr. 33/2003, um verðbréfavíðskipti, hagsmunir smárra fjárfesta, 34. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að breytingar verði gerðar á skilgreiningum á veltuhraða og því hverjir teljist skyldir aðilar. Í ljósi þess að á vegum viðskiptaráðuneytisins fer fram um þessar mundir vinna við endurskoðun á lögum með hliðsjón af niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis telja SA þær breytingar sem í frumvarpinu felast ekki tímabærar og telja rétt að umfjöllun um einstaka þætti bíði uns stjórnarfrumvarp kemur fram. Fram skal tekið að í þessu felst ekki efnisleg afstaða SA til tillagnanna í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,


Hannes G. Sigurðsson



Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

Alþingi
Erindi nr. P 131/493
komudagur 6.12.2004

3. desember 2004

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tvö frumvörp til laga, breytingu á l. nr. 2/1995 og á l. nr. 33/2003 (34. og 36. mál)

Við er í bréf nefndarinnar dags. 11. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreind mál.

Á vegum viðskiptaráðherra eru starfandi nefndir sem eru að yfirfara gildandi lög m.a. hvað viðkemur þeim atriðum sem frumvörpin snúa að, þ.e. vernd smærri hluthafa í félögum. Í þeim nefndum eiga sæti aðilar með mikla sérfræðipækkingu á bæði lögum og framkvæmd á þessu sviði. SBV telja því eðlilegt og skynsamlegt að löggjafinn bíði með breytingar á lögnum þar til niðurstaða þeirrar vinnu liggur fyrir.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri



29. nóvember 2004
SI-19857

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Í bréfi dags. 11. nóvember 2004 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti, 34. mál, hagsmunir fjárfesta.

1. Skyldir aðilar

Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði inn í lög nr. 33/2003 skilgreiningu á hugtakinu skyldir aðilar og að tekið verði inn í löginn ákvæði um að skylda til að gera yfirtökutilboð verði virk þegar í hlut eiga skyldir aðilar. Gert er ráð fyrir að einstaklingar teljist skyldir aðilar ef um er að ræða maka eða barn og að lögaðilar teljist skyldir ef annar á a.m.k. 30% hlutfjár í hinum eða ef eigendur a.m.k. 30% hlutfjár í báðum eru hinir sömu eða skyldir aðilar.

Seðlabankinn telur æskilegt að sett verði í lög ákvæði um yfirtökuskyldu þegar í hlut eiga skyldir aðilar eða þegar um er að ræða samstarf aðila við nánar tiltekna aðstæður.

Það leiðir af tilskipun 2004/25/EB um yfirtökutilboð¹ að skylt verður að taka slíkt ákvæði inn í íslensk lög. Samkvæmt 21. gr. tilskipunarinnar skulu aðildarríkin hafa innleitt ákvæði hennar þann 20. maí 2006.

Í d-lið 1. tl. 2. gr. tilskipunarinnar er að finna skilgreiningu á hugtakinu aðilar í samstarfi (e. *persons acting in concert*). Er þar átt við einstaklinga eða lögpersónur sem eiga með sér samstarf við bjóðanda (eða við félag sem boðið hefur verið í) á grundvelli samnings (skriflegs eða munnlegs samnings eða þegjandi samkomulags) sem miðar að því að ná yferráðum í félaginu eða að trufla fram komið tilboð.

Á vegum viðskiptaráðuneytisins er nú unnið að mótun tillagna til breytinga á lögum til að innleiða tilskipunina. Í þeim efnum þarf m.a. að fara yfir skilgreiningu á samstarfi aðila. Kemur þar væntanlega til greina að setja fram löglíkindareglu um það hvenær slíkt samstarf verður talið vera fyrir hendi, t.d. hvað varðar tengsl, skyldleika og yfirráð.

¹ Tilskipunin hefur ekki verið þýdd á íslensku. Enskt heiti hennar er: Directive 2004/25/EC of the European Parliament and of the Council of 21 april 2004 on takeover bids (Stjt. EB L 142, 30/04/2004, bls. 12).

Mikilvægt er að huga að samræmi í löggjöf hér á landi og í öðrum EES-ríkjum, einkum á Norðurlöndunum, að því er varðar yfirtökur. Seðlabankinn telur því rétt að unnið verði að undibúningi ákvæðis um yfirtökuskyldu, þegar í hlut eiga skyldir aðilar, í tengslum við innleiðingu ofangreindrar tilskipunar fremur en að gerð verði sérstök breyting á ákvæðum laganna nú.

3. Veltuhraði

Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að bætt verði inn í lög nr. 33/2003 skilgreiningu á hugtakinu veltuhraði og að tekið verði inn í löginn ákvæði um að þegar veltuhraði sé innan við ákveðin mörk skuli verð í yfirtökutilboði ákvarðað af dómkvöddum matsmönnum.

Í 4. tl. 5. gr. ofangreindrar tilskipunar um yfirtökutilboð er kveðið á um þá meginreglu að greiða skuli hæsta verð sem tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við hafa greitt fyrir bréfin á 6-12 mánaða tímabili fyrir tilboðið. Ákvæðið heimilar jafnframt að fjármálaeftirlit breyti verðinu við sérstakar aðstæður og í samræmi við tilgreindar aðferðir. Má þar t.d. miða við raunvirði félags við slit þess.


Á vegum viðskiptaráðuneytisins er nú unnið að innleiðingu þessa ákvæðis tilskipunarinnar. Hefur þar m.a. verið skoðað hvort æskilegt sé að setja inn sérstök skilyrði um lágmarksverð í tilboði.


Seðlabankinn telur nauðsynlegt að fjallað verði um umrædda tillögu í frumvarpinu í samhengi við innleiðingu á ákvæðum tilskipunarinnar.

Í ljósi framansagðs leggur Seðlabankinn til að frestað verði afgreiðslu frumvarpsins sem hér er til umsagnar og að fjallað verði um efnisatriði þess í samhengi við frumvarpið sem unnið mun vera að á vegum viðskiptaráðuneytisins þegar þar að kemur.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS


Eiríkur Guðnason
bankastjóri


Ingimundur Friðriksson
aðstoðarbankastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 131/237
komudagur 29.11.2004



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Reykjavík, 26. nóvember 2004.

Efni: Frv. til l. um br. á lögum 2/1995 um hlutafélög og lögum um 33/2003 um verðbréfavíðskipti (36. mál og 34. mál).

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreind frumvörp sem ráðið fjallar hér um í einu lagi.

Frumvörpin lúta að veigamiklum atriðum að félagarétti. Verslunarráð hefur fylgst með undirbúningi iðnaðar- og viðskiptaráðherra á breytingu á hlutafélagalöggjöf og veitti í haust umsögn um drög að þeim lagabreytingum. Eðlilegast er að þau atriði sem ofangreind frumvörp fjalla um séu sett fram í samræmi við heildarendurskoðun þá sem nú virðist fara fram hjá ráðherra enda er afar brýnt að gæta samræmis milli skyldra lagabálka á sviði félagaréttar. Verslunarráð telur því að heppilegra að þessi atriði verði rædd þegar hugmyndir ráðherra verða kynntar formlega og leggst gegn því að frumvörpin nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,


Sigríður A. Andersen.

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is